

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um hjónin Mariu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandat-um of dómsmálaráðherra, 31. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um hjónin frá Borgarnesi Mariu Ólafsdóttur
fædd 7. febr. 1882, dáin 17. febr. 1970 og Magnús Jóhannesson
fæddur 3. nóvember 1880, dáinn 1. febrúar 1969.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður um hjónin Mariu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Mariu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi. Stofnendur eru niðjar þeirra hjóna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 auk tillaga sem kunna að bætast við skv. 6. gr. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styðja skógrækt og fegrun í landi Borgarsels í Svignaskarðslandi í Mýrasýslu.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og verðbætur af sjóðseigninni, frjáls framlög þeirra sem vilja leggja sjóðnum lið svo og áheiti.

6. gr.

Heimilt er að verja tekjum sjóðsins skv. 5. gr. í samræmi við tilgang hans skv. 4. gr. ef sjóðsstjórn er einhuga um ráðstöfun. Ráðstafa skal heimingi af tekjum sjóðsins árlega í samræmi við tilgang hans. Meirihluti ræður þá ráðstöfun. Óráðstöfuðum tekjum skal bætt við stofnfé skv. 3. gr.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjá Borgfirðingafélagsins í Reykjavík og skal hann ávaxtaður og varðveittur á öruggan og hagkvæman hátt. Félagið hefur á hendi framkvæmd framlaga úr sjóðnum, reikningshald og ábyrgð.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Formaður Borgfirðingafélagsins í Reykjavík. Formaður Borgarselsnefndar og einn af niðjum þeirra hjóna, tilnefndur af börnum þeirra meðan þeirra nýtur við, síðan barnabörn og svo áfram.

9. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í maí ár hvert.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem færa á inn fundargerðir, framlög, gjafir og áheiti, skipulagsskrá þessa, ráðstöfun og ársreikninga undirritaða af stjórn sjóðsins og Borgfirðingafélaginu í Reykjavík.

11. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef sjóðsstjórn er einhuga um breytingar. Tilgangi sjóðsins má þó ekki breyta skv. 4. gr.

12. gr.

Það eru tilmæli gefanda, að það verði haldin fjáröflun fyrir sjóðinn, í það minnsta einu sinni á ári, sú upphæð bætist við stofnfé.

13. gr.

Leggist niður starfsemi Borgfirðingafélagsins í Reykjavík, skal stjórn sjóðsins falið að ráðstafa honum á þann veg er henni þykir heppilegast, helst til líknar eða menningarmála í Borgarfjarðarhéraði.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

**yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun
landbúnaðarins annast.**

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr. 2 000.—
Vatn í vothevi (Tolueneiming)	— 5 000.—
Meltanleiki in vitro	— 2 500.—
Protein (Kjeldhal)	— 5 000.—
Meltanlegt prótein	— 8 000.—
Tréni	— 5 000.—
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignín)	— 8 000.—
Fíta (eter extract)	— 3 500.—
Brunagildi	—
Aska	— 2 500.—
Brennisteinn	— 4 000.—
Kalsíum	— 3 500.—
Fosfór	— 4 000.—
Magnesium	— 3 500.—
Kalíum	— 3 500.—
Natríum	— 3 500.—
Kopar	— 4 000.—
Mangan	— 4 000.—
Zink	— 4 000.—
Járn	— 4 000.—
Bor	—
Joðtala	— 4 500.—
Peroxíð gildi	— 4 000.—
Óbundnar fitusýrur	— 2 500.—
B ₁ vítamín	— 12 000.—